AFRIT

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008

gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Guðmundi Erni Haukssyni, kt. 020849-4799, Efstaleiti 10, Reykjavík,
Ara Bergmann Einarssyni, kt. 070649-7999, Laugarásvegi 26, Reykjavík,
Jóhanni Ásgeiri Baldurs, kt. 171172-5439, Lómasölum 13, Kópavogi,
Margréti Guðmundsdóttur, kt. 160154-2419, Furugerði 6, Reykjavík og
Rannveigu Rist, kt. 090561-2359, Háhæð 2, Garðabæ,

fyrir umboðssvik, ákærða Guðmundi Erni sem þáverandi forstjóra Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770 og ákærðu Ara Bergmann, Jóhanni Ásgeiri, Margréti og Rannveigu sem þáverandi stjórnarmönnum í sama sparisjóði, með því að hafa 30. september 2008, misnotað aðstöðu sína hjá sparisjóðnum og stefnt fé hans í verulega hættu, með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga, er þau í sameiningu veittu hlutafélaginu Existu, tveggja milljarða króna peningamarkaðslán með gjalddaga 31. október 2008, án trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins og án þess að meta greiðslugetu og eignastöðu lánþegans í samræmi við útlánareglur sparisjóðsins.

Lánið var framlengt fjórum sinnum og var síðasti gjalddagi þess 16. mars 2009. Það var ekki greitt til baka og verður að telja það sparisjóðnum að fullu eða að verulegu leyti glatað.

Brot ákærðu varðar við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008.

Málsatvik:
Á fundi stjórnar SPRON þann 30. september 2008 var tekin til meðferðar ósk hlutafélagsins Existu (hér eftir Exista) um skammtímalán án sérstakra trygginga, að fjárhæð kr. 2.000.000.000 í formi peningamarkaðsláns.

Aðdragandi umræddrar lánsbeiðni Existu var sá að 18. september 2008 veitti VÍS peningamarkaðslán til Existu að fjárhæð kr. 4.000.000.000. Var það veitt til 22. september 2008. Þann dag var því framlengt til 29. september 2008 og síðan enn framlengt um einn dag,

til 30. september. Exista endurgreiddi síðan lánið til VÍS þann 30. september. Sú endurgreiðsla var að helmingi fjármögnuð með því láni SPRON til Existu sem ákært er fyrir í þessu máli. Sama dag, 30. september 2008, veitti VÍS SPRON peningamarkaðslán að fjárhæð kr. 2.000.000.000. Þeir fjármunir voru aftur notaðir af hálfu SPRON til að fjármagna lán, sömu fjárhæðar, til Existu, sem hér er ákært fyrir. Engar tryggingar voru þó teknar í láni VÍS af hálfu SPRON til að tryggja endurgreiðslu á láninu til Existu. Var staðan eftir þennan snúning sú að áhætta VÍS gagnvart Existu minnkaði um tvo milljarða, en í staðinn hafði SPRON veitt Existu tryggingalaust lán að sömu fjárhæð. Var áhættunni af tveggja milljarða króna láni til Existu þannig velt af VÍS og yfir á SPRON, sem síðar sat uppi með fullt tjón vegna lánsins.

Lánið var samþykkt á fundi stjórnar SPRON þann 30. september 2008 og greitt til Existu sama dag. Ákærðu Ari Bergmann, Jóhann Ásgeir, Margrét og Rannveig, öll stjórnarmenn í sparisjóðnum, samþykktu lánið á fundinum. Formaður stjórnar sparisjóðsins vék af fundi þegar ákvörðun um lánið var tekin, en hann var á þessum tíma forstjóri Existu. Ákærði Guðmundur Örn kynnti fyrirhugaða lánveitingu fyrir stjórninni og bar ábyrgð á útgreiðslu lánsins. Þá bar hann sem forstjóri ábyrgð á öllum þáttum í starfsemi sparisjóðsins og fór með stjórn hans ásamt félagsstjórn, sbr. 1. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga – umboðssvik:
Af orðalagi 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og íslenskri dómaframkvæmd leiðir að til þess að háttsemi geti talist fela í sér umboðssvik þurfi hún að uppfylla þrjú hlutlæg skilyrði. Þannig þarf gerandi, eða einhver geranda ef um samverknað er að ræða, að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, hann þarf að misnota þá aðstöðu og loks þarf háttsemin að hafa í för með sér tjón eða að minnsta kosti verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda SPRON
Ljóst er að ákærðu voru öll í aðstöðu til að skuldbinda sparisjóðinn, sem forstjóri og stjórnarmenn í félaginu. Lánið var samþykkt með formlega réttum hætti á stjórnarfundi og ákvörðunin því skuldbindandi fyrir sparisjóðinn. Það að stjórnin samþykkti lánið gegn lánareglum sparisjóðsins leiðir ekki til þess að ákærði Guðmundur hafi ekki getað farið út fyrir umboð sitt í skilningi ákvæðisins, með aðkomu sinni að lánveitingunni, sbr. niðurstöðu Hæstaréttar í máli réttarins nr. 442/2011. Teljast ákærðu því hafa staðið saman að lánveitingunni.

Misnotkun aðstöðu
Óumdeilt er að ákærðu höfðu umboð til að skuldbinda bankann gagnvart þriðja manni og þannig aðstöðu til að veita Existu umrætt peningamarkaðslán. Byggt er á að ákærðu hafi hins vegar farið út fyrir heimildir sínar og þar með misnotað aðstöðu sína með því að veita lánið þar sem ekki hafi verið farið eftir útlánareglum sparisjóðsins, þrátt fyrir að allar ytri aðstæður hafi gert það að verkum að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að enn meiri ástæða en ella væri til að fara að fullu eftir öllum varúðarreglum varðandi lánveitingar. Er í því sambandi byggt á eftirfarandi:

Í reglum sparisjóðsins um lánveitingar og ábyrgðir segir í grein 1.2 að lánveitingar skuli á hverjum tíma miða að því að markmiðum SPRON um arðsaman rekstur, sterka eiginfjárstöðu og góða lausafjárstöðu verði náð. Þar segir einnig að útlánaákvarðanir skuli byggja á faglegum viðskiptalegum forsendum. Lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla til viðskiptavina skuli taka mið af fjárhagsstöðu, greiðslugetu og viðskiptasögu viðkomandi. Skuli að jafnaði afla skattframtala, ársreikninga, greiðslumata, rekstrar- og greiðsluáætlana og/eða annarra fjárhagslegra upplýsinga frá viðskiptavinum og úr þeim unnið á skipulegan hátt. Þá er þar tekið fram að stefna skuli að því að vægi stórra útlána minnki, en í staðinn lögð áhersla á meiri dreifingu, þ.e. fleiri

og smærri lán, sem jafnframt skili meiri áhættudreifingu. Í grein 1.4 segir að áður en lánveiting sé ákveðin skuli afla nauðsynlegra upplýsinga um fjárhag viðskiptavinarins og meta greiðslugetu hans. Hjá lögaðila skuli að jafnaði afla ársreikninga, árshlutareikninga, rekstrar- og greiðsluáætlana, skattframtala og annarra upplýsinga í samræmi við eðli viðskipta. Þess skuli gætt að eiginfjárstaða viðskiptavinar sé viðunandi og að stjórn og framtíðarhorfur teljist góðar. Grein 1.5 fjallar um tryggingar. Kemur þar fram að lán sem ekki séu veitt með aðstoð lánsmatskerfis skuli veitt gegn ásættanlegum tryggingum. Í grein 2.5 kemur svo fram að við lánveitingar til fyrirtækja skuli leggja mat á rekstur, efnahag og greiðslugetu rekstraraðila svo og tryggingastöðu. Í þriðja kafla lánahandbókarinnar er fjallað sérstaklega um lán í íslenskri mynt. Segir þar í grein 3.1 að taka skuli saman tryggingastöðu við SPRON við hverja lánveitingu og athuga hvort þörf er á að bæta tryggingar vegna veittra lána og ábyrgða.

Allt ber þetta að sama brunni. Meginreglan er að taka skuli tryggingar en frá því þröngar undanþágur leiði ítarleg könnun í ljós að staða fyrirtækisins sem lána á sé það góð að ekki þurfi að taka tryggingar. Er þá ljóst að fyrir því þurfi, hverju sinni, skýr og haldbær rök.

Lán það sem ákært er vegna var eina lánið sem samþykkt var af stjórn sparisjóðsins á árunum 2007 og 2008. Var því mjög óvenjulegt að stjórn sparisjóðsins tæki slíka ákvörðun, enda lánið afar stórt miðað við fjárhag sparisjóðsins. Full ástæða var fyrir meðlimi stjórnarinnar að fara varlega við ákvörðun sína og fara eftir öllum reglum vegna slíkra lánveitinga, ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem upp var komin á fjármálamörkuðum 30. september 2008. Því fór hins vegar fjarri að ákærðu færu eftir þeim varúðarreglum sem þeim bar skylda til í störfum sínum, eins og rakið er hér að framan. Þvert á móti var lánið veitt án nokkurra trygginga. Þá fór ekki fram mat á stöðu Existu og greiðslugetu, þrátt fyrir að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að eignir þess höfðu fallið mikið í verði á mörkuðum auk þess sem gengi hlutabréfa í Existu hafði fallið mjög á mörkuðum. Misnotuðu því ákærðu aðstöðu sína er þau veittu umrætt lán.

Veruleg fjártjónshætta

Veruleg fjártjónshætta fólst í veitingu lánsins. Um gríðarlega hátt lán var að ræða, sérstaklega miðað við stærð spariðsjóðsins, á tíma þegar lausafjárþurrð var hjá fjármálafyrirtækjum og mikil óvissa á hlutafjármörkuðum. Hlaut ákærðu að vera ljós sú verulega fjártjónshætta sem fólst í slíkri lánveitingu, án nokkurra trygginga. Óhjákvæmilegt er að líta svo á að brot ákærðu hafi verið stórfelld. Lánið var ekki greitt á gjalddaga og verður að telja það sparisjóðnum að fullu eða að verulegu leyti glatað.

Skrifstofa embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,
Reykjavík, 2. október 2014,

Sérstakur saksóknari
Skv. l. nr. 135/2008

Björn Þorvaldsson saksóknari